

Fréttatilkynning
salmonella í pekingönd frá Cherry Valley

Garðabæ, 9.2.2015

Íslenskar matvörur ehf hafa í samráði við heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innkallað Cherry Vally pekingönd þar sem *salmonella* greindist í vörunni við reglubundið eftirlit og sýnatöku.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Cherry Valley

Vöruheiti: Duckling (2,1kg)

Best fyrir: 05/10/2015 – 31/10/2015

Lotunúmer: L5523

Framleiðsluland: Bretland

Dreifing: Verslanir Samkaupa; Nettó, Samkaup Strax og Samkaup Úrval, Kaskó Keflavík og Kaskó Húsavík. Verlsanir Nóatúns, Verslanir Krónunnar; Reykjavíkurvegi, Reyðarfirði, Vallakór, Selfoss, Bíldshöfða, Akranesi, Lindum og Granda, Melabúðin, Þín Verslun og Fjarðarkaup.

Það skal tekið fram að þessi önd er hættulaus fari neytendur eftir leiðbeiningum um eldun alifuglakjöts, steiki í gegn og passi að blóðvökvi fari ekki í aðra vöru.

Þeir sem eiga vöruna eru beðnir um að neyta vörunnar ekki og annað hvort skila henni til verslunar þar sem varan var keypt, hafa samband við innflutningsaðila eða farga vörunni.

